


## ☒ Re: vegna beiðni um umsögn v hjólastígs milli Skútustaða og Garðs

Búið til	18.10.2021 11:21:44
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	18.10.2021 11:21:43
Tilheyrir	 202110-0013 - Leyfi til framkvæmda við hjóla/göngustíg meðfram Mývatnsvegi nr. 848 milli Skúturstaða og Garðs innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

### Efni

Re: vegna beiðni um umsögn v hjólastígs milli Skútustaða og Garðs

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	18.10.2021 11:21:43	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is

### Innihald

Komdu sæl,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

-----  
Tilvísun í mál nr. 202110-0013 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun dags. þann 11.10.2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Skútustaðarhrepps um leyfi til framkvæmda við hjóla/göngustíg meðfram Mývatnsvegi nr. 848 milli Skúturstaða og Garðs innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með umsagnarbeiðninni og er með eftirfarandi athugasemdir.

Gerð hjóla/göngustígs meðfram Mývatnsvegi er á gildandi deiliskipulagi og er framkvæmd þegar hafin annars staðar innan verndarsvæðisins. Ljóst er að framkvæmdinni fylgir töluvert rask m.a. á votlendi og staðsetning stígsins er víða nálægt búsvæðum fugla. Vanda þarf því mjög til verka. Stígurinn er þó alla jafna mjög nálægt Mývatnsvegi. Horfa þarf til einstakra staðbundinna atriða þegar kemur að útfærslu og verklagi framkvæmdar.

Varðandi kaflann sem hér er til umfjöllunar er stærstur hluti hans, frá Garði að upphafi Skútustaðatorfunnar (sirka gatnamótum að Skjólbrekku), nokkuð frá vatns- og árbökkum (nema þar sem vegurinn liggur yfir Grænalæk) og þar þarf einkum að forðast óþarfa rask á votlendi því sem stígurinn liggur um. Gerð stígsins er af þeim toga að áhrifasvæðið ætti að vera frekar takmarkað og nálæg votlendi ekki að raskast meira en ráð er gert fyrir. Hér þarf því einkum að fara varlega á framkvæmdatíma við efnisflutning og umferð vinnuvéla.

Hlutinn sem liggur fram hjá Skútustaðatorfunni fer eftir suðurbakka Stakhólstjarnar, og er þar mjög nálægt vatnsbakkanum. Endur og aðrir fuglar, þ.m.t. andakollur með unga á sumrin sem og andfuglar í felli síðsumars, nýta sér bakka tjarnarinnar í töluverðu magni. Framkvæmdin sjálf en einnig notkun göngu/hjólastígsins gæti því truflað fuglana. Náttúrufræðistofnun leggur til að það sé skoðað á þessum kafla að færa stíginn suður fyrir Mývatnsveg ef öryggissjónarmið leyfa slíkar útfærslur en umferð ætti að vera hægari á þessum vegkafla og því mögulega auðveldara að útbúa einhvers konar vegamót þar sem umferð gangandi og hjólandi gæti þverað veginn. Í ljósi mikilvægis Stakhólstjarnar fyrir fuglalíf, sérstaklega endur á varp- og fellitíma, þarf að tryggja að ákvarðanir um framkvæmd sem þessa séu teknar með hagsmuni lífríkis í öndvegi. Náttúrufræðistofnun leggur því til að leyfi Umhverfisstofnunar taki mið af þessari ábendingu og framkvæmdaraðili hvattur til að skoða slíkan annan valkost.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <[thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is](mailto:thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is)> **To:**

**CC:**

**Subject:** vegna beiðni um umsögn v hjólastígs milli Skútustaða og Garðs

**Date:** 11.10.2021 14:13:22

Vegna beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá langaði okkur til að athuga hvort hægt væri að flýta fyrir gerð umsagnarinnar.

Frá því beiðnin var send út þá hefur sveitarfélagið haft samband og óskað eftir því hvort hægt sé að flýta fyrir afgreiðslu umsóknarinnar svo hægt sé að fara í framkvæmdirnar sem fyrst. Eru með verktaka sem eru lausir núna og myndu vilja koma efni í stígstæðið sem liggur um votlendi svo það nái að síga í vetur og hægt að klára gerð stígsins fyrr.

Ef hægt væri að fá umsögnina fyrir næstkomandi fimmtudag, 14. október, þá kæmi það sér vel fyrir umsækjandan svo hægt væri að afgreiða erindið fyrir helgi. Ef ekki þá gildir upprunalega dagsetninginn í beiðninni um umsögnina 22. október.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

## Viðhengi

image001.png (3 KB)

image002.png (5 KB)